

# REGLUR

## fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands.

### I. KAFLI

#### Gildissvið o.fl.

##### 1. gr.

#### *Gildissvið og tengsl við lög og reglur.*

Reglur þessar fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) eru settar af háskólaráði og gilda fyrir háskólann, þ.m.t. yfirstjórn, einstök fræðasvið og deildir sem og fyrir starfsfólk og nemendur.

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 63/2006 um háskóla og laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Reglur þessar teljast grundvallarreglur fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands. Þær eru til fyllingar settum lögum sem um skólann gilda en ganga framur öðrum reglum settum af hálfu skólans.

### II. KAFLI

#### Stjórnskipulag háskólans.

##### 2. gr.

#### *Skipulagseiningar og yfirstjórn.*

Landbúnaðarháskóli Íslands er sjálfstæð menntastofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Um stöðu og hlutverk háskólans er fjallað í 3. gr. laga nr. 85/2008.

Háskólaráð ákveður skipan skipulagseininga, hlutverk þeirra, mörk og verkaskiptingu, en sé um grundvallarbreytingar á skipan skólans að ræða ber að afla umsagnar háskólafundar, sbr. 4. og 11. gr. laga nr. 85/2008.

Háskólinn starfar sem einn skóli, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2008, sem skiptist í deildir samkvæmt ákvörðun háskólaráðs en háskólaskrifstofa og svið hennar annast stoðþjónustu fyrir starfsemi skólans.

Stjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor, en til yfirstjórnar háskólans telst auk þess framkvæmdastjórn, sbr. 6. gr.

Vissar ákvarðanir af hálfu yfirstjórnar kunna eftir atvikum að verða teknar á vettvangi framkvæmdastjórnar eða háskólafundar.

Við málsmeðferð og ákvarðanatöku af hálfu skólans skulu þar til bærir starfsmenn hans jafnan gæta laga, góðra stjórnsýsluhátta, jafnræðis og annarra málefnalegra sjónarmiða.

##### 3. gr.

#### *Háskólaráð.*

Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans nema mælt sé á annan veg í lögum, markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag háskólans, fer með almennt eftirlit og ber ábyrgð á að háskólinn starfi til samræmis við gildandi lög og reglur.

Rektor háskólans er jafnframt formaður háskólaráðs og boðar til funda í ráðinu og stýrir fundum þess, en um fundarboðun og ákvarðanatöku af hálfu ráðsins er fjallað í 7. gr. laga nr. 85/2008.

Auk rektors eiga sæti í háskólaráði til tveggja ára í senn:

- Tveir fulltrúar háskólasamfélagsins, tilnefndir af háskólafundum.
- Einn fulltrúi nemenda, tilnefndur af Nemendafélagi LbhÍ.
- Einn fulltrúi tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra.
- Tveir fulltrúar tilnefndir af þeim ofangreindu fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Tilnefna skal varamann fyrir sérhvern fulltrúa í lið a-c og einn varamann fyrir fulltrúa skv. lið d, með sama hætti, en staðgengill rektors er varamaður hans í háskólaráði og gegnir þá störfum formanns, stýrir og boðar til funda og fer með atkvæði formanns í fjarveru hans.

Þeir sem valdir eru sem fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráð skulu, þegar tilnefning á sér stað, vera akademískir starfsmenn LbhÍ, en kjörgengir eru þó ekki rektor eða aðrir fulltrúar úr framkvæmdastjórn, sbr. 6. gr.

Tilnefning fulltrúa háskólasamfélagsins skal tekin á dagskrá háskólafundar skv. útsendu fundarboði. Samtímis því sem fundarboð er sent út a.m.k. þremur vikum fyrir fund skal auglýst eftir framboðum á vef skólans. Í fundarboði til háskólafundar skal jafnframt lýst eftir framboðum. Skulu framboð berast skrifstofu rektors a.m.k. viku fyrir boðaðan fund.

Háskólafundur kys á milli þeirra sem eru í kjöri til að taka sæti sem fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráði, en fulltrúar nemenda á háskólafundum hafa þó ekki atkvæðisrétt um kjör til háskólaráðs.

Nemendafélag LbhÍ annast val á fulltrúa nemenda í háskólaráð og skal rektor f.h. háskólaráðs kalla eftir tilnefningu af þess hálfu a.m.k. þremur vikum áður en kjörtímabil nýrra fulltrúa hefst.

Háskólaráð getur sett frekari reglur um val á fulltrúum háskólasamfélagsins og nemenda í háskólaráð. Rektor skal jafnan afla umsagnar háskólafundar og Nemendafélags LbhÍ áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

Um skipan háskólaráðs og um hlutverk þess að öðru leyti er fjallað í 5.-6. gr. laga nr. 85/2008.

Háskólaráð annast staðfestingu á almanaki, námskrám og kennsluskám háskólans.

Háskólaráð setur reglur um starfsmenntanám, nám á bakkalárastigi og um framhaldsnám á meistarastigi og doktorsstigi við háskólann.

Færa skal til bókar og kunngera með viðeigandi hætti ákvarðanir háskólaráðs. Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef 5 af 7 atkvæðisbærum fulltrúum sitja fund.

#### 4. gr.

##### *Rektor.*

Rektor er æðsti yfirmaður stjórnýslu háskólans og er í fyrrisvari fyrir skólann almennt en um hlutverk hans og heimildir er fjallað í 8. gr. laga nr. 85/2008.

Rektor stýrir daglegri starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum hans. Hann ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi, þ.m.t. ráðninga- og fjármálum og annast gerð starfs- og rekstraráætlana.

Rektor ræður akademískt starfsfólk og annað starfsfólk. Rektor skal ennfremur sjá til þess að til séu starfslýsingar fyrir allt starfsfólk, að svo miklu leyti sem þær koma ekki fram í lögum eða kjarasamningum.

Rektor hefur yfirumsjón með sjóðum skólans og öðrum eignum nema háskólaráð ákveði annað. Um stjórn sjóða fer að öðru leyti eftir fyrirmælum í stofnskrám og samþykktum.

Rektor boðar til funda eftir reglum háskólans og hefur umsjón með útgáfu ársskýrslu. Staðgengill er rektor til aðstoðar og gegnir starfinu tímabundið í fjarveru eða forföllum hans. Falli rektor frá eða láti af störfum áður en starfstími er liðinn sinnir staðgengill starfinu þar til nýr rektor hefur verið skipaður samkvæmt lögum og reglum um háskólann.

Rektor tilnefnir staðgengil úr hópi deildarforseta og tilkynnir háskólaráði.

#### 5. gr.

##### *Skipun rektors.*

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, en um skipun rektors við háskólann er fjallað í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 85/2008.

Við val á rektor skal háskólaráð tilnefna þrjá menn í valnefnd til að meta hæfni umsækjenda og skal einn þeirra tilnefndur sem formaður nefndarinnar.

Valnefndarmenn skulu hafa lokið æðri prófgráðu við háskóla og hafa auk þess marktæka stjórnunarreynslu á háskólastigi.

Hæfni umsækjenda um embætti rektors skal metin í ljósi heildarmats með tilliti til vísinda- og útgáfustarfa, ferils sem háskólakennara eða í öðrum störfum, stjórnunarreynslu og með tilliti til þess hversu menntun og reynsla viðkomandi muni nýtast í starfi rektors.

Engum má veita embætti rektors nema meirihluti valnefndar hafi látið í ljós það álit að viðkomandi teljist hæfur til að gegna starfinu.

Ef sitjandi rektor háskólans sækist eftir endurtilnefningu skal hann víkja af fundi háskólaráðs við afgreiðslu málsins.

Háskólaráð skal annast um auglýsingu á lausu starfi rektors og getur ráðið falið sitjandi rektor að annast framkvæmd þar að lútandi.

## 6. gr.

*Framkvæmdastjórn háskólans.*

Í framkvæmdastjórn háskólans eiga sæti rektor háskólans sem er í forsæti, deildarforseti háskóladeildar, forstöðumaður starfsmenntadeildar, rekstrarstjóri, sviðsstjóri kennslu- og gæðamála og sviðsstjóri rannsóknamála.

Framkvæmdastjórn hefur eftirlit með daglegum rekstri háskólans og tryggir eftirfylgni ákvarðana háskólaráðs.

Í framkvæmdastjórn er eftir atvikum farið yfir fjármál, áætlanagerð, uppgjör, og teknar ákvarðanir um samstarfssamninga, rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu.

Háskólaráð og fulltrúar í framkvæmdastjórn geta vísað málum til framkvæmdastjórnar.

## 7. gr.

*Deildir háskólans.*

Í háskólanum er starfrækt ein háskóladeild, auðlinda- og umhverfisdeild sem annast kennslu og rannsóknir á fræðasviðum náttúruvísinda og auðlinda- og búvísinda í samræmi við viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Háskólinn býður ennfremur upp á starfsmenntadeild á framhaldsskólastigi sem er sjálfstæð deild innan háskólans sem annast starfsmenntun á sviði búfræði og garðyrkju með tilvísun til heimildar í d-lið 21. gr. laga nr. 63/2006. Stjórn deildarinnar er á vegum forstöðumanns en undir hann heyra námsbrautarstjórar, sem bera ábyrgð á faglegri umsjón námsbrauta. Heimilt er að bjóða upp á endurmenntun og endurmenntunarnámskeið á vegum deildarinnar. Námskrárbundið nám á vegum starfsmenntadeildar skal uppfylla skilyrði laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 en um það gilda sérstakar reglur sem háskólaráð setur.

Skipulag háskólans í mögulega aðrar skipulagseiningar skal ákvarðað af háskólaráði, og þá eftir umsögn háskólafundar ef með þarf, sbr. 11. gr. laga nr. 85/2008.

## 8. gr.

*Siðanefnd.*

Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfrækt siðanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti 3 fulltrúar, allir utan háskólans. Siðanefnd háskólans skal vera yfirstjórn til ráðgjafar um gerð og túlkun siðareglna. Háskólaráð setur háskólanum siðareglur, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 63/2006.

## 9. gr.

*Háskólafundur.*

Háskólafundur er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins. Þar fer fram umræða um þróun og eflingu háskólastarfsins, en um hlutverk og heimildir fundarins fer skv. 9. gr. laga nr. 85/2008 og reglum sem gilda á því sviði.

Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskólans og stjórnunareininga hans og telst fundurinn ályktunarbær um þau mál sem háskólaráð ákveður að vísa til hans nema lög mæli á annan veg.

Á háskólafundum eiga eftirfarandi fulltrúar rétt til setu:

- a) Rektor, deildarforseti háskóladeildar, sviðsstjóri kennslu- og gæðamála og sviðsstjóri rannsóknamála og forstöðumaður starfsmenntadeildar.
- b) Úr hópi fastra kennara tilnefna auðlinda- og umhverfisdeild tíu fulltrúa, kennarar við starfsmenntadeild fimm, talsmaður Félags prófessora við ríkisháskóla sem starfa við Lbhí tilnefnir einn, talsmaður Félags íslenskra náttúrufræðinga sem starfa við skólann tilnefnir einn, starfsmenn við stjórnarsýslu háskólans tilnefna einn. Allir tilnefndir fulltrúar, auk varamanna, skulu tilnefndir eftir kosningu, ýmist á meðal viðkomandi starfsmanna í deild/deildum, meðal viðkomandi félagsmanna, og meðal starfsfólks við stjórnarsýslu, til tveggja ára í senn.

- c) Nemendur háskólans tilnefna eftir kosningu á vettvangi Nemendafélags LbhÍ þrjá fulltrúa, og jafn marga til vara, til setu á háskólafundum til eins árs í senn. Háskólaráð getur þó ákveðið hverju sinni að þeir fulltrúar verði ýmist fleiri eða færri m.t.t. áskilnaðar laga þar um, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2008. Þegar kjör og tilnefning fulltrúa skv. þessari grein er undirbúin skal fylgt ákvæðum í jafnréttisáætlun háskólans um jafna aðild kynjanna að nefndum, stjórnun og ráðum. Fulltrúar í háskólaráði hafa sem slíkir rétt til setu á háskólafundum en ekki atkvæðisrétt. Háskólafundur skal halda a.m.k. einu sinni á ári, en rektor stýrir fundum og boðar til hans. Niðurstöður ályktana af hálfu háskólafundar skulu kynntar á vettvangi háskólans. Háskólaráð getur sett frekari reglur um hlutverk og skipan háskólafundar.

### III. KAFLI

#### Háskóladeild og akademískir starfsmenn.

##### 10. gr.

##### *Háskóladeild.*

Með yfirstjórn háskóladeildar skólans fer deildarfundur og formaður er nefnist deildarforseti, en einnig deildarráð ef deildarfundur ákveður að skipa það.

Starfrækja má brautir innan deilda/deilda, en deildarforseti sér um að deildarfundur setji brautum reglur um stjórnskipulag er taka gildi við staðfestingu háskólaráðs.

##### 11. gr.

##### *Deildarforseti.*

Deildarforseti hefur í umboði deildarfundar yfirumsjón með starfsemi og rekstri viðkomandi deilda og vinnur að stefnumörkun í málefnum hennar.

Á meðal helstu verkefna deildarforseta eru:

- a) Yfirumsjón með kennslu og námskráargerð í samstarfi við svið kennslu- og gæðamála.
- b) Umsjón með málum sem snerta rannsóknir í samstarfi við rannsóknasvið.
- c) Annast fundarboð til fulltrúa á deildarfundum og fundarstjórnun á þeim.
- d) Gerð fjárhagsáætlunar deilda í samvinnu við rekstrarstjóra skólans.
- e) Frumkvæði að samstarfi við aðrar deildir skólans, verði þær stofnaðar.
- f) Frumkvæði að því að deildarfundur setji reglur um innri málefni hennar.
- g) Ábyrgð á framkvæmd gæðastjórnunar í starfsemi deilda í samstarfi við sviðsstjóra kennslu- og gæðamála.

Deildarforseti skal jafnframt vera formaður deildarráðs ef deildarfundur tekur ákvörðun um skipun slíks ráðs.

##### 12. gr.

##### *Ráðning deildarforseta.*

Rektor ræður deildarforseta til fjögurra ára í senn að fenginni umsögn deildarinnar og að höfðu samráði við háskólaráð. Mögulegt er að framlengja ráðningu til annarra fjögurra ára.

Umsækjendur um stöðu deildarforseta skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskóla-kennarar, sbr. lög nr. 63/2006, á vettvangi þeirra fræða sem annað hvort eru kennd á viðkomandi fræðasviðum skólans eða tengjast mjög náið helstu viðfangsefnum þeirra.

Dómnefnd metur hæfni umsækjenda um stöðu deildarforseta með líkum hætti og hún metur hæfni umsækjenda um stöðu háskólakennara, en þó skal einnig sérstaklega litið til starfsferils, starfsreynslu, stjórnunarreynslu og menntunar umsækjenda m.t.t. eðlis starfsins.

Ef sitjandi deildarforseti er á meðal umsækjenda um stöðuna skal hann víkja af deildarfundum þegar umsögn er veitt um umsækjendur en staðgengill stýrir þá fundinum.

Deildarfundur tilnefnir staðgengil deildarforseta til fjögurra ára í senn og gegnir sá starfinu í tímabundinni fjarveru eða forföllum deildarforseta og jafnframt þegar deildarforseti telst vanhæfur til að koma að meðferð mála er koma til kasta fundarins. Staðgengill deildarforseta er jafnframt sviðsstjóri rannsóknamála.

## 13. gr.

*Deildarfundur.*

Deildarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald deildar.

Deildarfundur fjallar um meginatriði í starfsemi deildar og ber ásamt deildarforseta ábyrgð á að starfsemi deildar sé til samræmis við lög og reglur.

Á meðal helstu verkefna sem heyra undir deildarfund eru:

- a) Aðkoma að mótun stefnu varðandi nám og rannsóknir á sviði deildar.
- b) Að skera úr málum sem varða skipulag kennslu innan deildar.
- c) Umfjöllun um árlega fjárhagsáætlun deildar.
- d) Umfjöllun um málefni einstakra nemenda deildar.
- e) Tillögur til háskólaráðs um stofnun og niðurlagningu námsbrauta.
- f) Að setja deild frekari reglur og skipulag eftir því sem við á um innri málefni.
- g) Að sinna öðrum verkefnum sem deild er falið að sinna af háskólaráði eða rektor.

A deildarfundum eiga eftirtaldir fulltrúar rétt til setu og til að fara með atkvæðisrétt:

- a) Deildarforseti, sem og prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúntar og sérfræðingar ráðnir til starfa hjá viðkomandi deild, óháð starfshlutfalli.
- b) Tveir fulltrúar nemenda, tilnefndir af hálfu Nemendafélags LbhÍ til eins árs í senn.

Rektor er heimilt að sitja deildarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Deildarfundur skal að jafnaði haldinn mánaðarlega þar sem ekki er starfandi deildarráð, en ella eigi sjaldnar en einu sinni á misseri og skal deildarforseti gera áætlun um deildarfundum skólaársins og kynna hana fyrir þeim sem eiga þar rétt til setu.

Skýlt er að boða til deildarfundar ef rektor, eða þriðjungur fulltrúa sem eiga rétt til setu á deildarfundum æskja þess.

Deildarforseti boðar fulltrúa með rétt til setu á deildarfundum þess til fundarins með tölvupósti, helst með viku fyrirvara ef unnt er, en fundarefni á dagskrá skal greina í fundarboði.

Deildarfundur er ályktunarbær ef 50% atkvæðisbærra fulltrúa sækja fundinn. Afl meirihluta atkvæða ræður úrslitum mála. Nú eru atkvæði jöfn og sker þá atkvæði deildarforseta úr. Fundargerðir deildarfundar skal birta á innri vef skólans og ákvarðanir deildarfundar skulu færðar til bókar.

Deildarfundur setur reglur um innra skipulag er fjalla m.a. um hlutverk deildar- og námsbrautarfunda og um kjör, kjörtímabil og hlutverk námsbrautarstjóra og formanns framhaldsnámsnefndar sem jafnframt er umsjónarmaður framhaldsnáms.

Að frumkvæði deildarforseta skulu settar á fót námsnefndir sem fjalla um og gera tillögur um námskrá, námsskipan og námsgreinar fyrir tiltekna námsbrautir. Ennfremur skulu tilnefndir námsbrautarstjórar fyrir hverja námsbraut sem gegna hlutverki formanns námsnefndar, tengiliðar námsbrautar við nemendur, kennslusvið og verkefnisstjóra kynningarmála.

## 14. gr.

*Deildarráð.*

Deildarráð fer með ákveðin málefni deildar samkvæmt nánari ákvörðun deildarfundar.

Deildarfundur setur reglur um skipan deildarráðs. Þar skulu a.m.k. eiga sæti, auk deildarforseta og staðgengils hans, brautarstjórar auk eins fulltrúa af hálfu nemenda í viðkomandi deild sem skal tilnefndur af Nemendafélagi LbhÍ.

Deildarráð starfar innan deildar og fjallar það um erindi er varða mál einstakra nemenda.

Deildarráð tekur ákvörðun með sama hætti og deildarfundur, en ákvörðun þess er hægt að skjóta til deildarfundar innan þriggja vikna frá því að hún var kynnt.

Deildarfundur getur sett nánari reglur um vald og verksvið deildarráðs.

## 15. gr.

*Framhaldsnámsnefnd.*

Doktorsnám við háskólann er rekið í samvinnu við Háskóla Íslands og um það gilda sérstakar reglur sem háskólaráð staðfestir. Deild getur falið framhaldsnámsnefnd að annast umsjón með meistaranámi við skólann.

## 16. gr.

*Akademískir starfsmenn.*

Fastir kennarar háskólans eru ýmist prófessorar, dósentar eða lektorar.

Einnig starfa aðjúntar, verkefnisstjórar, sérfræðingar og stundakennarar við háskólann. Um hlutverk og ábyrgð akademískra starfsmanna er fjallað í V. kafla laga nr. 85/2008 en háskólaráð getur að fenginni umsögn deildar sett nánari reglur um starfsheiti og starfsskyldur þeirra.

Rektor ræður í akademísk störf, en um veitingu akademískra starfa við háskólann er fjallað í 17. gr. laga nr. 85/2008 og reglum sem gilda um starfsemi háskólans.

Þá eina má ráða sem fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í þeirri aðalgrein eða tengdri fræðigrein sem þeir eiga að sinna.

Umsækjendur um stöður prófessora, dósentar og lektora skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísinda- eða fræðastörf sín, ritsmíðar, rannsóknir, kennslustörf, stjórnunarstörf, námsferil og önnur störf.

Um skipun og störf dómnefndar um mat á umsóknum um stöður prófessora, dósentar og lektora og um framgang akademískra starfsmanna er fjallað í 16. gr. laga nr. 85/2008 og reglum sem háskólaráð setur á grundvelli laga að fenginni umsögn háskólafundar.

Þegar auglýst er staða prófessora, dósentar eða lektors og fleiri en einn umsækjandi hljóta hæfnisdóm skal leita umsagnar deildar.

Heimilt er að fela fastadómnefnd verk- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands að annast dómnefndarmat fyrir háskólann.

Rektor og deildarforseti ákvarða í samráði hvernig starfsskyldur einstakra akademískra starfsmanna skiptast á milli kennslu og annarra starfsþátta í samræmi við kjarasamninga og lög og reglur um starfsskyldur og réttindi kennara.

## 17. gr.

*Rannsóknarmisseri.*

Háskólaráði er heimilt að veita kennurum og öðrum fastráðnum starfsmönnum háskólans leyfi til rannsóknarmisseris í allt að eitt ár á föstum launum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um það hvernig umsækjandi hyggst verja þeim tíma til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknaverkefnum.

Eftir því sem fjárlög heimila og kjarasamningar gera ráð fyrir getur háskólaráð veitt einstaklingi styrk meðan hann er í leyfi til rannsóknarmisseris, vegna nauðsynlegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Háskólaráð skal setja nánari reglur um rannsóknarmisseri og styrkveitingar.

## IV. KAFLI

**Háskólaskrifstofa.**

## 18. gr.

*Svið háskólaskrifstofu.*

Háskólaskrifstofa og starfsmenn hennar annast almenna stjórnsýslu og stoðþjónustu fyrir háskólann, en skrifstofan skiptist upp í eftirtalin svið:

- a) Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið, en undir það heyra jafnframt upplýsinga- og kynningarmál.
- b) Svið kennslu- og gæðamála.
- c) Rannsóknasvið.

## 19. gr.

*Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið.*

Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið sinnir bókhaldi og launamálum, því sem lýtur að fasteignum skólans eða umsýslu vegna fasteigna sem tengjast skólastarfinu, auk reksturs á tölvukerfi og þjónustuveri háskólans. Hér undir heyra markaðsmál, kynningarstarf skólans, yfirumsjón með vef háskólans og rekstur bókasafns. Rektor skal ráða rekstrarstjóra fyrir háskólann sem heyrir beint undir rektor. Rekstrarstjóri skal undirbúa árlega fjárhagsáætlun og hafa eftirlit með því að rekstur

háskólans sé í samræmi við gildandi heimildir hverju sinni. Rekstrarstjóri stýrir rekstrarsviði og annast fjárreiður háskólans.

## 20. gr.

*Svið kennslu- og gæðamála.*

Námsbrautir og rannsóknánám háskóladeildar/-a mynda kennslusvið háskólans. Rektor ræður sviðsstjóra kennslu- og gæðasviðs til fjögurra ára í senn sem heyrir beint undir rektor. Mögulegt er að framlengja ráðningu um fjögur ár til viðbótar.

Sviðsstjóri hefur forgöngu um kennsluþróun og samræmingu náms í samráði við deildir og kennsluskrifstofu. Hann ber einnig ábyrgð á gæðastjórnun náms og er fulltrúi skólans í ráðgjafar-nefnd gæðaráðs háskóla. Hann annast í samstarfi við deild undirbúning og framkvæmd sjálfsmats og ytra mats á háskólanum og eftirfylgni umbótaáætlaða.

Kennsluskrifstofa annast daglegan rekstur kennslusviðs undir verkstjórn kennlustjóra sem heyrir beint undir rektor. Undir skrifstofuna heyrir skipulag kennslu og stundarskrárgerð, almenn afgreiðsla og nemendaskrá, prófstjórn, námsráðgjöf og alþjóðasamskipti.

## 21. gr.

*Rannsóknasvið.*

Rannsóknir háskóladeildanna mynda rannsóknasvið háskólans. Staðgengill deildarforseta gegnir hlutverki sviðsstjóra rannsóknasviðs. Sviðsstjóra rannsóknasviðs er ætlað að hafa heildaryfirsýn yfir rannsóknaverkefni við skólann, fjárhagsmál þeirra og framtal akademískra starfsmanna á störfum sínum. Hann ber ábyrgð á miðlun upplýsinga um rannsóknir og skýrslugerð þar um, í samræmi við lög og samninga og erindisbréf deildar.

## V. KAFLI

**Nemendur, kennsla og námsmat.**

## 22. gr.

*Nám og kennsla innan deilda háskólans.*

Deildir háskólans bera akademíska ábyrgð á rannsóknnum, kennslu, kennslufyrirkomulagi og á veitingu námsgráða við skólann.

Forsetar deilda og rektor skulu hlutast til um að settar séu almennar reglur um kennslu og kennsluhætti sem háskólaráð staðfestir.

Kennt skal á námskeiðum sem metin eru til eininga, en fullt nám á námsári skal almennt sam-svara 60 námseiningum (ECTS) og endurspeglar alla námsvinnu nemanda. Háskólaráð skal setja almennar reglur um mat námskeiða til eininga.

Deildum er heimilt að setja nemendum skilyrði um að ljúka námi á tilteknu námsári áður en þeir megi hefja nám á næsta námsári námsins og skal nemendum tilkynnt um slíkt fyrirkomulag.

Hámarkstími í tilteknu námi við skólann skal vera 50% umfram áætlaðan hefðbundinn náms-tíma, en deildarfundur getur þó veitt undanþágur frá þeim áskilnaði í sérstökum tilvikum.

## 23. gr.

*Háskólaárið.*

Háskólaárið telst vera frá 15. ágúst til jafnlengdar næsta árs.

Kennsluárið skiptist í tvö kennslumisseri sem heimilt er að skipta upp í tvær kennsluannar, fyrri og seinni kennsluönn að hausti og fyrri og seinni kennsluönn að vori. Haustmisseri skal lokið í síðasta lagi 21. desember og vormisseri hefjast í fyrsta lagi 3. janúar. Jafnframt eru nokkur námskrár-bundin námskeið kennd að sumarlagi. Almennt skal kennsla ekki fara fram miðvikudag fyrir skírdag né 1. desember, á helgidögum þjóðkirkjunnar eða öðrum lögboðnum frídögum. Háskólaráð getur ákveðið að fella niður kennslu á öðrum dögum en hér eru tilgreindir. Háskólaráð staðfestir með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í febrúar ár hvert almanak háskólans fyrir komandi skólaár.

## 24. gr.

*Nám- og kennsluskrá.*

Háskólaráð staðfestir með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í febrúar ár hvert námskrá fyrir verðandi nýnema sem innritast það námsár og stunda nám með eðlilegri námsframvindu.

Kennsluvið annast gerð námskrár að fenginni staðfestingu deildar og skal hún innihalda nöfn og númer allra námskeiða, stutta lýsingu á efni hvers námskeiðs, ásamt skilgreiningu á þekkingu og hæfni sem nemendum er ætlað að búa yfir við lok námskeiðs. Jafnframt skal þar tilgreina eftir atvikum kröfur um undanfara og meginþætti námsmats.

Árlega skal birta kennsluskrá fyrir háskólann í heild þar sem eru birt yfirlit yfir námskeið sem kennd eru á viðkomandi skólaári samkvæmt gildandi námskrá. Auk upplýsinga sem fram koma um einstök námskeið í námskrá skal kennsluskrá jafnframt tilgreina frekari upplýsingar um ábyrgðarmenn, námsmat og lesefni á viðkomandi námskeiði og á hvaða tungumáli er kennt.

## 25. gr.

*Nemendur – innritun í háskólann.*

Sá sem lokið hefur stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla, eða jafngildu prófi, og uppfyllir að öðru leyti aðfaraskröfur að námi getur sótt um að skrá sig til náms við skólann gegn því að greiða skrásetningargjald.

Háskólanum er þó lögum samkvæmt heimilt að leyfa innritun annarra nemenda að uppfylltum skilyrðum, sbr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Rektor ber ábyrgð á innritun nemenda í skólann, en inntaka nemenda er endanlega á valdsviði háskólaráðs sem getur takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám, skv. reglum sem það kann að setja, sbr. 18. gr. laga nr. 85/2008.

Háskólaráð skal að fengnum tillögum deildar/-a staðfesta reglur um skráningu nemenda þar sem kveðið er nánar á um inntökuskilyrði í viðkomandi nám.

Skráning nýnema fer að jafnaði fram frá mars og fram í júníbyrjun, en skráning annarra 1.-30. apríl, ár hvert. Skráningu nema sem æskja flutnings frá erlendum háskólum skal að jafnaði lokið fyrir 1. maí.

Beiðni um skráningu nýnema skal fylgja ljósrít eða staðfest afrit stúdentsprófskírteinis og önnur skilríki sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu deildar.

Skrásetningargjald nær til heils skólaárs, en þeir nemendur sem fá heimild til að hefja nám á vormisseri greiða helming skrásetningargjaldsins. Háskólaráð ákveður árlega skrásetningargjald.

Námskeið á vegum háskólans eru ætluð fyrir nemendur skráða í skólann og samstarfsskóla í samræmi við samninga þar um. Þau standa þó öðrum opin með samþykki umsjónarkennara eða eftir nánari reglum sem háskólaráð setur.

Nemendur hafa ekki rétt til þess að gangast undir próf nema þeir uppfylli skilyrði um inntöku í skólann, hafi greitt skrásetningargjald og séu skráðir á viðkomandi námskeið.

Háskólaráð skal að fenginni umsögn frá Nemendafélagi LbhÍ setja reglur um réttindi og skyldur nemenda innan háskólans, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.

Rektor getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla tímabundið eða að fullu gerist nemandinn brotlegur við reglur skólans, en um skilyrði, málsmeðferð og málskotsrétt nemenda fer skv. 19. gr. laga nr. 85/2008.

## 26. gr.

*Námsvist – verknám.*

Deild/-um er heimilt að setja reglur um skyldu nemenda til þátttöku í verklegum æfingum, verklegu námi og vettvangsþjálfun.

## 27. gr.

*Námsmat.*

Um fyrirkomulag í tengslum við próf eða annað námsmat í skólanum er fjallað í lögum og námsmatsreglum háskólaráðs fyrir háskólann, sbr. 21. gr. laga nr. 85/2008.



28. gr.

*Prófgráður.*

Um prófgráður og akademíska titla sem háskólanum er heimilt að veita er fjallað í lögum, sbr. III. kafla laga nr. 63/2006 og 22.-23. gr. laga nr. 85/2008, en háskólaráð skal setja nánari reglur um prófgráður og viðmiðanir um mat á námi frá öðrum háskólum, eftir umsögn frá hlutaðeigandi skólum eða fræðasviðum háskólans.

## VI. KAFLI

**Almennt varðandi starfsemi háskólans.**

29. gr.

*Samvinna innan háskólans og samstarf við aðra háskóla og samstarfsstofnanir.*

Skipulagseiningar skólans skulu hafa náð samstarf með samnýtingu mannafla, bókasafns, tækja og aðstöðu til að ná markmiðum í hagkvæmni í rekstri og má í því skyni nýta starfsskyldu starfsfólks milli skipulagseininga eða innan háskólans almennt.

Háskólinn og deildir skulu fyrir sitt leyti hafa samráð og samstarf við aðra skóla á háskólastigi til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntunarkostum.

Leita ber samkomulags við samstarfsaðila um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta auk þess sem skólanum er einnig heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir, sem tengjast starfs sviði skólans um kennslu, rannsóknir og ráðningu starfsfólks.

Í samstarfssamningum er heimilt að kveða á um að starfsmenn samstarfsstofnana sem hafa kennsluskyldu við skólann, en gegna rannsóknaskyldu sinni við samstarfsstofnun, eigi rétt á, eða sé skylt, að dómnefnd meti hæfi þeirra til að gegna þar stöðu lektors, dósentar eða prófessors. Njóta þeir þá sambærilegra réttinda og gegna sambærilegum skyldum og lektorar, dósentar eða prófessorar eftir því sem við á, enda þótt ráðning sé við aðra stofnun, eftir því sem lög, reglur og kjarasamningar kveða á um.

Háskólaráð getur sett framgangsreglur fyrir þá starfsmenn samstarfsstofnana sem hafa kennsluskyldu við háskólann í samræmi við framgangsreglur sem gilda fyrir aðra kennara hans.

30. gr.

*Tengsl við almenning og endurmenntun.*

Háskólinn skal leitast við að miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

Háskólinn getur sinnt símenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem kennd eru við skólann og skulu kennarar hans m.a. hvattir til símenntunar og rannsóknarþjálfunar.

31. gr.

*Gæðaeftirlit.*

Í háskólanum skal fara fram reglulegt sjálfsmat á innra starfi auk ytra mats með stöðugar umbætur í huga til samræmis við áskilnað laga þar um, sbr. III. kafla laga nr. 63/2006.

Sviðsstjóri kennslu- og gæðasviðs hefur með höndum daglega umsjón með gæðakerfi háskólans, en rektor ber endanlega ábyrgð á því, að höfðu samráði við gæðaráð.

Háskólaráð getur sett frekari reglur um gæðastjórnun.

32. gr.

*Fjárhagsmálefni.*

Um fjárhagsmálefni háskólans og gjaldtökuheimildir fer skv. 24.-26. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

33. gr.

*Ársfundur háskólans.*

Ár hvert skal rektor boða til opins ársfundar þar sem fjárhagur og meginatriði starfsáætlunar háskólans eru kynnt og skal tilkynnt um fundinn með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

## 34. gr.

*Ársskýrsla háskólans.*

Rektor hefur umsjón með að ársskýrsla háskólans komi út fyrir hvert almanaksár.

Í ársskýrslu skal fjallað um starfsemi háskólans, stofnanir hans og sjóði, ráðstöfun fjármuna skólans, framtíðarsýn og horfur, sem og málefni nemenda háskólans almennt.

## VII. KAFLI

**Gildistaka o.fl.**

## 35. gr.

*Gildistaka – endurskoðun.*

Reglur þessar, sem öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda, hafa fengið umsögn starfsmanna og verið staðfestar af háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands. Jafnframt falla úr gildi óbirtar reglur fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands frá 1. júlí 2008 og reglur nr. 977/2014 um háskólaráð og rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Reglurnar verða aðgengilegar á vefsíðu háskólans, líkt og aðrar reglur sem háskólaráð setur.

**Ákvæði til bráðabrigða.**

Vegna sameiningar háskóladeilda, áður en sameiginlegur deildarforseti verður ráðinn, tekur deildarforseti auðlindadeildar við hlutverki deildarforseta sameiginlegrar deildar og deildarforseti umhverfisdeildar verður staðgengill hans og jafnframt sviðsstjóri rannsóknasviðs.

Hlutverk námsbrautarstjóra og umsjónarmanns framhaldsnáms verður óbreytt þar til deildarfundur hefur gengið frá nýjum reglum um innri starfshætti og helstu hlutverk deildar.

*Samþykkt í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands, 19. febrúar 2016.*

**Björn Þorsteinsson** rektor.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2016